Skjálfandamót HFA og Völsungs

20. júní 2020

Keppnishandbók

Skjalið gæti tekið breytingum

Uppfært 19. júní 2020 af Árni F. Sigurðsson

Skjálfandamót HFA og Völsungs

Kæri þátttakandi

HFA og Völsungur hlakka til að taka á móti þér á Akureyri og Húsavík. Í þessu bréfi verður farið yfir nokkur mikilvæg atriði sem varðar keppnina. **Vinsamlega lesið þetta bréf því vel yfir.**

Skjálfandamót HFA og Völsungs
20. júní 2020 **1**

Keppnishandbók 1

1 - Grunnupplýsingar. 2

2 - Flokkar, rástímar og keppnislengdir 4

3 - Keppnisgögn 5

4 - Dagskrá 20. júní 2020 6

5 - Keppnisreglur 7

6 - Fylgdarbílar 8

7 - Brautin, staðreyndir og ítarupplýsingar. 9

8 - Öryggismál 24

1 - Grunnupplýsingar.

Keppnisgrein: Götuhjólreiðar

Dagsetning: 20. júní 2020

Keppnishaldari: Hjólreiðafélag Akureyrar og Völsungur

Keppnisstjóri: Ágúst Örn Pálsson, 8674348, formadur@hfa.is

Dómarar: Kári Fannar Lárusson, 6992203, kari@caff.is

Aðrir tengiliðir: Árni F. Sigurðsson, Gjaldkeri HFA, 8654195, gjaldkeri@hfa.is
Arinbjörn Þórarinsson, eftirfari, 8565000
Aðalgeir Sævar Óskarsson, svæðisstjóri Húsavík, 6643819

Mæting: Afhending gagna hefst klukkan 7:30 á planinu við Leirunesti á Akureyri (https://goo.gl/maps/42MrLNY7PTqzfNm76)

Verðlaunaafhending: Verðlaunaafhending verður við Lemon á Húsavík. (https://g.page/Husavik?share)

Keppnisgjald: Fullorðnir (19 ára og eldri): 6900
Ungmenni (18 ára og yngri): 3900

Skjálfandamót HFA og Völsungs

Aksturstími: Aksturstími frá Akureyri til Húsavíkur, er rétt tæpar 60mín ef farið er í gegnum Vaðlaheiðargöng og keyrt Kinnina.

Bílastæði: Á Akureyri skal nota bílastæði við Skautahöllina. Á Húsavík eru næg bílastæði við Íþróttahúsið á Húsavík, vinsamlegast ekki nota stæðin við Nettó þar sem verslunin er opin og við viljum ekki trufla aðgang bæjarbúa að versluninni. Sjá meðfylgjandi myndir.

MIKILVÆGT: Ekki er hægt að ljúka skráningu í mótið nema samþykja viðburðarskilmála HFA:

https://www.hfa.is/uploads/3/1/4/0/31401207/hfa-skilmalar2020.pdf

2 - Flokkar, rástímar og keppnislengdir

(Dæmi um vegalengdir teknar úr Gangamóti Greifans 2019)

Ráshópur	**Flokkar**	**Vegalengd***	**Rástími**	**Rásmark**	**Endamark**
A.	A-Flokkur Karla (Elite)	128.6km	09:00	Leirunesti Akureyri til Suðurs	Mararbraut á Húsavík, við Nettó.
B.	A-Flokkur Konur B-Flokkur Karla Junior Karla Masters Karla	103.8 km	09:08	Leirunesti Akureyri til Austurs	Mararbraut á Húsavík, við Nettó.
C.	Masters Konur B-Flokkur Konur Junior Konur U17 KK+KVK U15 KK+KVK	96 km	09:14	Leirunesti Akureyri til Austurs	Mararbraut á Húsavík, við Nettó.
D.	Almenningsflokkar KK og KVK	89.5 km	09:25	Leirunesti Akureyri til Austurs	Mararbraut á Húsavík, við Nettó.

** Vegalengdir eru fengnar frá Strava, einhver skekkja gæti verið í mælingum.*

FYRIRVARI: Séu fleiri en 15 keppendur í A-Flokk kvenna verða þær ræstar sér. Keppnisstjórn áskilur sér rétt til að breyta rástímum og skal það þá tilkynnt að lágmarki 1klst fyrir fyrstu ræsingu.

3 - Keppnisgögn

Keppnisgögn verða afhent við Leirunesti frá klukkan 7:30-8:45. Keppnishaldari ábyrgist ekki að keppendur fái keppnisgögn afhent nema þau séu sótt á fyrrgreindum tíma. Við biðjum þáttakendur að gefa keppendum í fremstu ráshópum forgang í afhendingu ef röð myndast.

Keppnisgögn:

- Tímatökuflaga
- Tvö keppnisnúmer á bak (einungis Stigamót)
- Eitt keppnisnúmer á hnakkpípu
- 8 nælur fyrir keppnisnúmer (bikarmót)
- 4 plastbensli, 2 fyrir tímatökuflögu og 2 fyrir keppnisnúmer

Tímatökuflaga skal festast á framgaffal með þar til gerðum plastböndum.

Plastað keppnisnúmer skal festast á sætispóst reiðhjóls, einnig með plastböndum.

Tvö númer festast á bak keppenda. Mikilvægt er að smá bil sé á milli númeranna svo þau sjáist frá einnig á hlið.

- **Mikilvægt er að festa númerið ekki of hátt á bakið**. Sem viðmið skal það festast þvert yfir bakvasa sem eru á flestum hjólatreyjum, stranglega bannað er að klippa til, bretta upp á eða eiga á nokkurn hátt við númerið sem skal festast á bakið.

- **Dæmi um rétt staðsett keppnisnúmer og tímaflögu:**

4 - Dagskrá 20. júní 2020

7:30 – 8:45 Afhending keppnisgagna við Leirunesti
8:45 Fundur með keppnisstjóra og dómurum við rásmark
9:00 1. ræsing - A Hópur
9:08 2. ræsing - B Hópur
9:14 3. ræsing - C Hópur
9:25 4. ræsing - D Hópur
13:00 Veitingar í endamarki hefjast.
13:30 - 14:00 Verðlauna afhending við Lemon (Tímasetning fer eftir framgangi keppni og verður færð til að tryggja að meirihluti keppenda í öllum flokkum séu komnir í mark)
14:30 Tímatöku lýkur (Tímatöku líkur þegar síðasti keppandi er kominn í mark. Ef framganga keppni er hæg verður tímataka framlengd)

5 - Keppnisreglur

Keppendur í Bikarmóti eru beðnir að kynna sér vel reglur Hjólreiðasambands Íslands (HRÍ) sem finna má hér, http://hri.is/assets/uploads/ckfinder/files/Keppnisreglur-HRÍ-2020(1).pdf . Sérstaklega skal skoða kafla 3 um Götuhjólagreinar.

Við viljum minna sérstaklega á reglu 3.5.8 úr keppnisreglur HRÍ um endasprett.

Dómarar með UCI-réttindi á vegum HRÍ munu fylgja ráshópum og dæma keppnina.

Búnaður: Hjálmaskylda er í öllum keppnum á keppnisdagskrá HRÍ. Keppendur skulu klæðast hjólreiðafatnaði og ekki klæddir á ósæmilegan hátt.

Leyfileg hjól: Götuhjól. Gæta þarf þess að stýrisendar séu lokaðir. Liggistýri og sambærileg stýri eru ekki leyfileg.

Reglur um ljósabúnað: Keppendur í Almenningsflokki sem hjóla gegnum Vaðlaheiðargöng fá ekki að ræsa nema þeir séu með ljós bæði að framan og aftan á hjólinu.

Aðrir almennir skilmálar:
Treyst er á heiðarleika, samvisku og besta framferði keppenda, sérstaklega þegar kemur að almennu öryggi keppenda, starfsmanna og áhorfenda.

Almennar öryggisreglur í umferð:

- Ekki taka fram úr öðrum keppendum nema öllum sé óhætt!
- Keppendur sem nema staðar ber að færa sig strax út í vegakant.
- Keppendum sem hætta í keppni, er bent á að færa hjólið út fyrir vegakant en þó helst þannig að það sé sýnilegt fyrir þjónustubíla.

Keppendur án flögu eða með flögu rangt festa fá ekki tíma.

Þegar keppandi hefur lokið keppni er ekki leyfilegt að hjóla aftur út á brautina, né að hjóla í gegnum markið (og yfir tímatökubúnaðinn) nema í einu sinni í byrjun og einu sinni í lokin.

Keppendur verða að kynna sér brautarlýsingu ítarlega fyrir keppni.

Göngum vel um, sýnum umhverfi okkar virðingu og hendum ekki rusli á leiðinni.

Kynning á reglum HRÍ og tengd atriði: https://www.youtube.com/watch?v=x2XOVdaCkfY og https://www.sjova.is/media/6073/oryggi-i-keppnum-maria-saemundsdottir.pdf

6 - Fylgdarbílar

Fylgdarbíla skal skrá með skráningarformi sem finna má á hfa.is fyrir föstudagskvöldið 19. júní klukkan 23:00. Fylgdarbílar eru leyfðir í brautinni til að aðstoða keppendur í Stigamóti. Ekki er heimilt að vera með fylgdarbíla í almenningsflokki.

Allir bílar í braut á vegum eða með heimild mótsstjórnar eiga að vera merktir í afturrúðu og hliðarrúðum með einkennisstaf:

- Dómarabílar D
- Ljósmyndarabílar og álíka M
- Aðrir bílar mótsstjórnar K
- Fylgdarbílar F

Fylgdarbílar skulu einnig vera merktir í framrúðu (neðst hægra megin), þó ekki þannig að það byrgi bílstjóra sýn.

Fylgdarbílar skulu í einu og öllu fara eftir fyrirmælum dómara og skulu alltaf keyra á eftir dómara; fylgdarbílar mega aldrei vera á milli dómarabíls og keppenda nema með sérstöku leyfi dómara. Þegar tími á milli hópa er orðinn nægur til að dómari telji það vera öruggt að fara á milli hópa, færir dómarabíllinn sig á milli hópanna og þeir fylgdarbílar sem eiga liðsmenn í þeim hóp fylgja á eftir en aðrir elta sinn hóp.

Ef bílstjóri er einn í fylgdarbíl má hann einungis veita aðstoð þegar fylgdarbíllinn er kyrrstæður. Bílstjóri má aldrei veita aðstoð á ferð.

Fylgdarbílar mega aldrei vera á ferð fyrir framan fremsta keppanda sem hann fylgir og aldrei fyrir framan aðra keppendur nema það séu að minnsta kosti 20 metrar í næsta keppanda fyrir aftan.

Þegar bílstjóri er með aðstoðarmanneskju í bílnum, eina eða fleiri, er honum heimilt að veita aðstoð úr fylgdarbílnum á ferð frá hægri hlið ökutækis, t.d. veita millitíma eða rétta næringu.

Reglur UCI um drykki og næringu kveða á um að „Feeding is prohibited on descents and during the first 50 and last 20 km.“ Aðra aðstoð en drykki og næringu má veita hvar sem er, þar sem það er öruggt, í samræmi við brautarlýsingu.

Gestir, ljósmyndarabílar og álíka skulu alltaf yfirgefa keppnina og keyra beint í mark þegar 20 km eru eftir.

15 mínútum fyrir ræsingu fyrsta ráshóps skulu allir fylgdarbílar koma sér fyrir á skilgreint safnsvæði fylgdarbíla. Safnsvæði fyrir Ráshóp A (A-Flokk Karla) er við Skautahöllina á Akureyri. Safnsvæði fyrir aðra flokka er á plani við Leirunesti. Keppnisstjóri gefur safnbílum fyrir aðra flokka merki þegar þeir mega leggja af stað í braut.

Allir bílar í braut skulu alltaf hafa hættuljós (hazard ljós) blikkandi.

Sjá nánar reglur um fylgdarbíla á vefsíðu HRÍ (www.hri.is)

7 - Brautin, staðreyndir og ítarupplýsingar.

Fjarlægðir fyrir hvern hóp má sjá í töflu í kafla 2 í keppnishandbók.

Á eftir síðasta keppenda í braut verður “sópari” á bíl sem sér um að týna upp merkingar. Hann verður með hjólreiðakerru og getur tekið upp þá keppendur sem hætta keppni. Athugið þó að talsverð bið gæti verið eftir sópara ef menn hætta keppni framarlega í hópum. Hætti menn keppni ber að tilkynna það til keppnisstjóra, Ágúst Örn sími: 8674348

Hér að neðan má sjá ítarlegri upplýsingar um brautina.

Brautin

Hér má sjá yfirlitskort yfir alla leiðina, bláa leiðin er sú leið sem sameiginleg er með flestum flokkum.
Bleikt er Eyjarfjarðarhringur, sem er aukaleið fyrir ráshóp A.
Appelsínugult eru Vaðlaheiðargöng, sem einungis ráshópur D hjólar.
Gult er leið eftir Aðaldalsvegi og Norðausturvegi, sem er hluti af leið fyrir ráshópa C og D.

Rásmark við Leirunesti:



Keppendur safnast saman á svæði C. Stuttu fyrir ræsingu koma keppendur sér fyrir á svæði sem skilgreint er með Bláum örvum. Keppendur í rásflokk A skulu fara yfir götuna og bíða úti í vegkanti og hleypa umferð framhjá, þangað til að ræsir gefur þeim merki um að koma sér fyrir á ráspunkti.
Keppendur í öðrum flokkum skulu raða sér upp á svæði C. Þegar ræsir gefur merki verður umferð stöðvuð og keppendur koma sér fyrir á ráspól.

Gatnamót Eyjafjarðarbraut Austari og Þjóðvegs 1.



Keppendur í rásflokki A koma innan úr Eyjafirði og taka hægri beygju á þessum gatnamótum. Allir aðrir keppendur fara beint yfir.

Skjálfandamót HFA og Völsungs

Útreikningar mótsstjórnar gera ráð fyrir að allir flokkar verði komnir framhjá þessum gatnamótum áður en A-Flokkur karla kemur innan úr Eyjafirði. Ef svo vill til að rásflokkur A kemur að gatnamótunum þegar aðrir flokkar eru enn að fara framhjá mun rásflokki A vera veittur forgangur.

Björgunarsveitin Súlur verður á þessum gatnamótum til að tryggja að keppendur í rásflokki A geti komist óhrindrað yfir gatnamótin.

Hringtorg við Vaðlaheiðargöng:



Almenningsflokkur tekur fyrsta útgang á hringtorgi og inn í Vaðlaheiðargöng. Bíll frá Vaðlaheiðargöngum verður á staðnum og lætur ökumenn vita og hægir á umferð gegnum göngin meðan keppendur fara í gegn.

Allir aðrir flokkar taka annan útgang á hringtorgi og hjóla áfram Grenivíkurveg upp á Víkurskarð.

Björgunarsveitin Súlur verður með aðila á hringtorgi til að tryggja öryggi keppenda. Hlutverk björgunarsveita er ekki að vísa keppendum rétta leið heldur er ætlast til þess að keppendur viti hvaða leið þeir eigi að hjóla.

Víkurskarð og Þjóvegur 1 við Fnjóskábrú:



Keppendur í öllum flokkum, að undanskildum Almenningsflokki hjóla Grenivíkurveg og upp Víkurskarð.

A: Gatnamót Grenivíkurvegar og Víkurskarðs

Keppendur hjóla beint yfir gatnamót, ekki verður sérstök umferðargæsla á þessum gatnamótum.

Vegagerð er búin að gera við Ristahlið sem var í eldri útgáfu keppnishandbókar.

B: Víkurskarð/Þjóðvegur 1

Keppendur frá Víkurskarði fá forgang yfir gatnamótin. Taka skal vinstri beygju yfir Fnjóskábrú. Björgunarsveitin Súlur verður á staðnum til að tryggja öryggi. Meðfylgjandi mynd er tekin af gatnamótunum komandi frá víkurskarði og taka þeir því vinstri beygju.

Útreikningar mótsstjórnar gera ráð fyrir að almenningsflokkar verði komnir framhjá þessum gatnamótum áður en aðrir flokkar koma. Ef svo vill til að keppendur úr Almenningsflokk verði að fara inn framhjá gatnamótunum á meðan keppendur úr öðrum flokkum fara í gegn eru keppendur úr almenningsflokk beðnir um að víkja.

Ljósavatnskarð og Fljótsheiði:



Eftir gatnamót í fnjóskadal hjóla keppendur ljósavatnsskarð og Fljótsheiði.

A: Gatnamót við kross

Keppendur hjóla beint yfir gatnamótin en beygja ekki inn Kinnina til Húsavíkur. Ekki verður sérstök gæsla á þessum gatnamótum þar sem keppendur þvera ekki umferð.

B: Einbreið brú við Goðafoss.

Björgunarsveitin Þingey mun sinna brautargæslu við einbreiða brú yfir Skjálfandafljót við Goðafoss. Bílar geta komið á talsverðri ferð ofan af Fljótsheiði og inna á einbreiða brú. Þrátt fyrir brautargæslu skulu keppendur gæta fullrar aðgátar þegar farið er yfir brúna. Rétt fyrir brúna er ristahlið en það var í fínu standi þegar mótsstjórn fór í skoðunarferð.

C: Gatnamót eftir Fljótsheiði.
Þegar komið er niður af Fljótsheiði er nokkuð kröpp vinstri beygja. Björgunarsveitin Þingey verður með brautargæslu og stöðvar bíla og passar að keppendur geti tekið vinstri beygju. **Athugið að þessi gatnamót flokkast sem hættulegasti hluti leiðarinnar.**
Mikill hraði getur verið komandi niður Fljótsheiði, og keppnisbraut þverar Þjóðveg 1 á vinstri beygju. Beygjan verður sópuð fyrir keppni en alltaf getur leynst lausamöl á veginum, mynd af gatnamótum er hér að neðan. Keppendur taka vinstri beygju.

Aðaldalur:



Rásflokkar A og B taka krók upp upp Hvammsveg. Rásflokkar C og D halda áfram Aðaldalsveg.

A: Gatnamót upp Staparbraut að Laxárvirkjun

Gæta skal að ekki beygja hér! Þetta er ekki hluti af keppnisbraut.

Vegskilti við gatnamót bendir á Laxárvirkjun og Grenjaðarstað. **Ekki skal taka þetta beygju.**

B: Gatnamót inn Hvammaveg og Einbreiðar Brýr

Rásflokkar A og B skulu beygja inn Hvammaveg. Brautargæsla verður á staðnum til að fylgjast með að allir fari rétta leið. Tvær einbreiðar brýr eru á leiðinni og verður brautargæsla sitthvoru megin við brýrnar sem lætur vegfarendur vita biður um forgang keppenda. Umferð er lítil en ávallt skal sýna fulla aðgát þegar farið er yfir einbreiðar brýr.

Vegskilti við gatnamót benda á Mývatn og Laxárvirkjun, sjá mynd.

Á leiðinni eru tvær einbreiðar brýt, þetta eru gamlar trébrýr og einhverjir naglar voru farnir að standa upp úr. Mótstjórn hefur sent erindi til vegagerðarinnar um lagfæringu en einnig mun aðili á vegum HFA mæta á svæðið með hamar og lagfæra það sem hægt er.

C: Gatnamót Hvammavegur/Staðarbraut
Keppendur taka vinstri beygju á gatnamótum upp brekkuna. Brautargæsla passar umferð sem kemur frá Laxárvirkjun.
D: Gatnamót Hvammsvegur/Kísilvegur.
Keppendur taka vinstri beygju á Kísilveg. Brautargæsla passar umferð sem kemur að sunnan en keppendur skulu ávalt sýna aðgát.



Laxamýri og lokakafli að Húsavík.

Síðustu gatnamót keppninnar eru þegar Kísilvegur sameinast Norðausturvegi við Laxamýri. Keppendur taka hægri beygju inn að Húsavík, gatnamótin eru eftir talsverðann halla niður á móti svo talsverður hraði verður á keppendum.

Björgunarsveitin Garðar verður á þessum gatnamótum og tryggir öryggi keppenda.

Það er mögulegt að keppendur af báðum leiðum séu á þessum gatnamótum á svipuðum tíma og verður þá þeim hópi sem fyrr kemur að gatnamótunum veittur forgangur. Við biðjum keppendur um að sýna tillitssemi og gæta sérstaklega að ekki verði árekstur á þessum stað.

Eftir þessi gatnamót tekur við lokakaflinn til Húsavíkur.

Endamark við Húsavík:

Endasprettur hefst á gatnamótum Þverholts og Mararbrautar, skilgreint með bleikri línu. Björgunarsveitir verða á staðnum til að tryggja öryggi keppenda og að ekki komist bílaumferð inn á Mararbraut. Endamark er við Nettó á Húsavík, skilgreint með Grænni línu.

Þegar komið er inn á Mararbraut er heimilt að nota báðar akreinar götunnar. Við minnum keppendur á að fara varlega og að gæta sérstaklega að því að mikill hraði verður á keppendum þegar komið er niður síðustu brekkuna til Húsavíkur og að malbikið gæti verið ójafnt. Við minnum sérstaklega á reglu 3.5.8. í Keppnisreglum HRÍ, þar sem

kveðið er á um að á síðustu 100 metrunum í endaspretti skal keppandi undantekningarlaust halda beinni línu og hafa a.m.k. aðra hönd á stýri.

Keppendur geta beygt inn á planið við Nettó þar sem tímatökuflögur verða innheimtar. Keppendum er svo bent á að halda áfram gegnum Húsavík að Lemon þar sem veitingar verða í boði og verðlaunaafhending fer fram.



8 - Öryggismál

Ef slys ber að höndum skal hringja í 1-1-2, svo láta keppnistjóra vita í síma 8674348

Ef um önnur atvik er að ræða eða keppendum vantar aðstoð skal hringja beint í keppnisstjóra.

Brautin fer fram á þjóðvegum Íslands, og þar ber að hafa í huga að ökumenn geta verið mistillitssamir og sumir sjá hjól ef til vill illa á gatnamótum.

Einnig ber að hafa í huga að holur geta verið í malbiki og skulu keppendur horfa vel framfyrir sig. Sé hjólað í þéttum hóp skal fremsti maður láta vita af öllum hættum sem framundan eru, sem aðrir keppendur ef til vill sjá ekki.